

Skaftárhreppur
Skipulagsfulltrúi
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 9. júlí 2018
UST201806-144/K.S.J.
10.04.02


Efni: Lýsing - Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010 - 2022 - Kirkjubæjarklaustur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á þéttbýlisupprætti aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 – 2022.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að áætlað er að íþróttasvæði innan þéttbýlisins muni stækka og að reitur fyrir þjónustustofnanir sem liggur við hliðina á íþróttasvæðinu muni minnka.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu en bendir á gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð er fjallar um skipulag við vötn, ár og sjó, en þar kemur eftirfarandi fram: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

/ Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur